



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPIÐ HÚS Á BESSASTÖÐUM

Sunnudaginn 18. júní verður forsetasetrið að Bessastöðum opið almenningi. Forseti tekur á mótum gestum og býðst fólki að skoða staðinn milli klukkan 13:00 og 16:00.

Bessastaðastofa var byggð á 18. öld og á sér merka sögu. Í húsinu má sjá sýnishorn gjafa, sem forseta hafa borist, og fornleifar í kjallara veita innsýn í búsetu á Bessastöðum allt frá landnáms tíð. Auk Bessastaðastofu munu gestir geta skoðað móttökusal og bókhöfuð forsetasetursins. Þá mun fyrsti forsetabíllinn, Packard bifreið Sveins Björnssonar, standa í hlaði en bifreiðin er árgerð 1942.

Starfsmenn embættis forseta og aðstoðarmenn veita upplýsingar um staðinn og verða gestum til aðstoðar.

16. júní 2023

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).